

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

II . HLUTI

Gerð og yfirferð prófs: Lúðvík Þráinsson

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Greining ársreikninga

Prófdagur: 31. janúar 2009

Kl.: 9:00-13:00

Úrlausnartími: 4 klst.

Prófblöð: 9 (þ.m.t. forsíða)

Leyfileg hjálpargögn: Vasareiknivél af einfaldri gerð

Fylgiblöð: Kennitölublað

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar, notaðu öll leyfileg hjálpargögn og farðu vandlega yfir úrlausnir þínar áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er hér átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs, í Reykjavík.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

Verkefni 1 (67 mín. 28%) - Krossaspurningar

Merkið við eitt rétt svar með því að draga hring utan um viðkomandi bókstaf. Nota skal 360 daga á ári þar sem það á við.

1. Sandur ehf. var stofnað þann 1. janúar 2007 með 800.000 kr. hlutafé. Árið 2007 var hagnaður af rekstri félagsins kr. 1.000.000 og þann 1. nóvember 2007 var hlutafé aukið um kr. 1.200.000. Hagnaður ársins 2008 var kr. 600.000 og þann 1. apríl 2008 var greiddur út arður að fjárhæð kr. 700.000. Hvert er eigið fé félagsins þann 31. desember 2008?

- a) 4.200.000
- b) 2.800.000
- c) 5.200.000
- d) 3.400.000
- e) Ekkert af ofangreindu

2. Hvaða kennitala veitir upplýsingar um fjárhagslegan styrk hjá fyrirtæki ?

- a) Veltufjárhlutfall
- b) Lausafjárhlutfall
- c) Biðtími birgða
- d) Eiginfjárhlutfall

3. Hver eftirfarandi fullyrðinga er **rétt** ? Dæmi um veltufjármun er :

- a) Langtímakrafa
- b) Fyrirframinnheimtar tekjur
- c) Bifreið
- d) Hlutabréf í hlutdeildarfélagi
- e) Ekkert af ofangreindu

4. Í ársbyrjun námu eignir Kvala ehf. kr. 499.899 og skuldir námu kr. 389.898. Á árinu lækkuðu eignir um kr. 72.365 og skuldir hækkuðu um kr. 97.010. Hvert var eigið fé Kvala ehf. í árslok :

- a) -59.374
- b) -169.375
- c) 427.534
- d) 486.908
- e) ekkert af ofangreindu

5. Viðskiptakröfur skv. efnahagsreikningi nema kr. 10.890.000. Óbein afskrift krafna nemur kr. 1.980.000. Nafnverð krafna nemur því kr. :

- a) 12.870.000
- b) 8.910.000
- c) 10.890.000
- d) Ekkert af ofangreindu

6. Í Kofa ehf. eru 3 hluthafar, A, B og C og er hlutafé í félaginu kr. 1.000.000. A á kr. 300.000 í Kofa, B á kr. 600.000 í Kofa og C á 100.000 í Kofa. B á 55% í A. B á 40% í C. C á 30% í A. C ætti því að flokka hlutabréf sín í Kofa sem :

- a) Hlutabréf í öðrum félögum
- b) Dótturfélag
- c) Hlutdeildarfélag
- d) Samlagsfélag

7. Innheimtutími krafna hjá Dolla ehf. var 30 dagar á árinu 2008. Meðalstaða krafna var kr. 2.250.000. Sala ársins 2008 var því kr. :

- a) 67.500.000
- b) 187.500
- c) 27.000.000
- d) 75.000
- e) Ekkert af ofangreindu

8. Sjóðstreymi og efnahagsreikningur eru gerð samkvæmt greiðslugrunni :

- a) Rétt
- b) Rangt

9. Kostnaðarverð seldra vara hjá Sprotanum ehf. á árinu 2008 var kr. 812.548. Innkaup ársins námu kr. 605.487. Birgðir 31.12.2008 námu kr. 402.999. Hverjar voru birgðir Sprota ehf. þann 31.12.2007 ?

- a) 1.418.035
- b) 1.035.036
- c) 610.060
- d) 1.821.034
- e) Ekkert af ofangreindu

10. Íslensku ársreikningalögin gera ráð fyrir að að flestar eignir séu metnar á gangvirði :
- a) Rétt
 - b) Rangt
11. Hlutfé Geira ehf. er kr. 2.000.000 og heildareigið fé er kr. 6.000.000. V/I hlutfallið er 3. Hvert er markaðsgengi félagsins ?
- a) 3
 - b) 9
 - c) 2
 - d) 0,33
 - e) Ekkert af ofangreindu
12. Gerð reikningsskila fyrir Tölvu ehf. er í fullum gangi. Grunur leikur á að rekstrarhæfi félagsins sé við það að breyta. Mestar líkur eru á að endurskoðandi félagsins
- a) Láti það óafskipt þar sem reikningsskilin eru á ábyrgð stjórnar félagsins
 - b) Láti stjórnarformann félagsins vita bréflaga
 - c) Geri fyrirvara í áritun sinni á reikningsskil félagsins
 - d) Geri ekki neitt
 - e) Ekkert af ofangreindu
13. Tekjuskattsprósentan 15% á við um :
- a) Alla lögaðila
 - b) Lögaðila með takmarkaða ábyrgð
 - c) Hf., ehf., sf., slf. og útibú erlendra félaga
 - d) Lögaðila með ótakmarkaða ábyrgð
 - e) Ekkert af ofangreindu
14. Í sjóðstreymi er greiddur arður til hluthafa félagsins flokkaður meðal :
- a) Rekstrarhreyfinga
 - b) Fjárfestingahreyfinga
 - c) Fjármögnunarhreyfinga
 - d) Er ekki í sjóðstreymi
 - e) Ekkert af ofangreindu

Verkefni 2 (53 mín. 22%) - Textaspurningar

Leitað er eftir stuttum og hnitmiðuðum svörum. Hafið í huga þau tímamörk sem hverri spurningu eru sett.

a) 4%

Varkárnisreglan er ein af meginreglum reikningshaldsins. Útskýrið hana og nefnið 2 dæmi um notkun hennar.

b) 3%

Hvernig verður tekjuskattsskuldbinding til?

c) 3%

Hvers vegna er handbært fé frá rekstri samkvæmt sjóðstreymi sjaldnast sama fjárhæð og hagnaður ársins samkvæmt rekstrarreikningi?

d) 4%

Fjallið stuttlega um veltufjárhlutfall fyrirtækja og kosti þess og galla að það sé of hátt.

e) 4%

Nefnið hinar 4 hefðbundnu tegundir af áritun endurskoðenda á endurskoðaða ársreikninga í röð sem sýnir þá bestu til þeirrar verstu. (Hér er ekki átt við könnunaráritanir og óendurskoðaða ársreikninga). 1 stig gefið fyrir hvert rétt sæti.

f) 4%

Nefnið 2 dæmi um matskennda liði í ársreikningi og hvers vegna þeir eru taldir matskenndir.

Verkefni 3 (34 mín 14%)

Hér að neðan er efnahagsreikningur Súlunnar ehf. þann 31. desember 2008 (fjárhæðir í milljónum króna).

Eignir		Skuldir og eigið fé	
<u>Fastafjármunir</u>		<u>Eigið fé</u>	
Fasteignir (keypt 2007)	200	Hlutfé	10
Vélar og tæki	80	Annað eigið fé	<u>60</u>
Hlutabréf í Kaupþingi	<u>80</u>		70
	360		
<u>Veltufjármunir</u>		<u>Langtímaskuldir</u>	
Birgðir	120	Skuldabréfalán	<u>270</u>
Viðskiptakröur	140		270
Handbært fé	<u>20</u>	<u>Skammtímaskuldir</u>	
	280	Viðskiptaskuldir	110
		Næsta árs afborganir	50
		Yfirdráttur	80
		Aðrar skammtímaskuldir	<u>60</u>
			300
Eignir alls	<u><u>640</u></u>	Skuldir og eigið fé	<u><u>640</u></u>

- Hvað er rekstrarhæfi ? (2%)
- Nefnið 4 atriði sem gætu hugsanlega ógnað rekstrarhæfi Súlunnar ehf. miðað við ofangreindan efnahagsreikning. (10%)
- Nefnið almennt 2 ófjárhagslega fyrirboða um það að rekstrarstöðvun gæti verið í uppsiglingu. (2%)

Verkefni 4 (14 mín. 6%)

Salan hjá Hörpu ehf. var kr. 2.400 árið 2008 og var meðalálagning 60%. Annar rekstrarkostnaður var kr. 300 og vaxtagjöld kr. 200. Hagnaðarhlutfall var 12,5%. Tekjuskattur var 15% og afskriftir eru afgangstala.

Setjið upp rekstrarreikning ársins 2008 fyrir Hörpu ehf.

Verkefni 5 (72 mín. 30%)

Guðmundur Einarsson á, þó ótrúlegt sé við núverandi aðstæður, nóg af peningum og langar að fjárfesta í góðu rekstrarfélagi eins og hann nefnir það. Hann er búinn að koma auga á það sem honum finnst álitlegt félag en vill fá skoðun utanaðkomandi aðila um hvort hann sé á réttri leið. Félagið sem hann hefur fundið heitir Zebrinn hf. og hefur starfað á verslunarmarkaðnum í allmörg ár. Guðmundur leggur fyrir þig upplýsingar úr endurskoðuðum ársreikningum félagsins fyrir síðustu 3 ár. Hann biður þig að meta kosti þess og galla að kaupa núna út frá kennitölugreiningu. Til að aðstoða Guðmund þarftu að reikna út ýmsar kennitölur úr ársreikningunum og sjá þannig hvernig Zebrinn stendur sig í samanburði við samkeppnisaðilana og hvort bréfin séu á ásættanlegu verði fyrir Guðmund.

Gengi hlutabréf í Zebranum í dag er 16. Verkefni þitt er að ráðleggja Guðmundi hvort hann eigi að kaupa í Zebranum eða leita annarra fjárfestingakosta miðað við núverandi og framtíðar aðstæður út frá kennitölugreiningu. (Til að nálgast fullnægjandi svar þarf að reikna a.m.k. 10 kennitölur sem eru viðeigandi við þetta mat).

Guðmundur vill einnig vita hver var fjárhæð útborgaðs arðs til hluthafa á árinu 2008.

Á næstu blaðsíðu eru ársreikningar Zebrans 2006-2008 og þar á eftir tölur frá samkeppnisaðilum.

Rekstrarreikningar áráanna 2006-2008 (í þús.)						
			2008	2007	2006	
Sala			654.800	653.700	720.800	
Kostnaðarverð seldra vara			(503.700)	(484.200)	(526.100)	
Rekstrargjöld, önnur en afskriftir			(116.800)	(118.400)	(132.600)	
Afskriftir			(6.500)	(6.500)	(6.500)	
Vextir			(10.500)	(9.700)	(8.800)	
Skattar			(2.600)	(6.300)	(8.400)	
Hagnaður ársins			14.700	28.600	38.400	
Efnahagsreikningar áráanna 2006-2008 (í þús.)						
Eignir			31/12 08	31/12 07	31/12 06	31/12 05
Fastafjármunir:						
Varanlegir rekstrarfjármunir			102.000	108.500	115.000	18.000
Verðbréf			25.000	25.000	15.000	16.000
			127.000	133.500	130.000	34.000
Veltufjármunir:						
Birgðir			32.000	33.400	36.000	34.500
Viðskiptakröfur			49.700	45.800	46.500	46.000
Handbært fé			5.100	10.000	9.000	10.000
			86.800	89.200	91.500	90.500
Eignir samtals			213.800	222.700	221.500	124.500
Eigið fé og skuldir						
Eigið fé:						
Hlutafé			25.000	25.000	25.000	25.000
Annað eigið fé			36.700	52.000	43.400	15.000
			61.700	77.000	68.400	40.000
Skuldir:						
Langtímaskuldir						
Næsta árs afborganir			(9.000)	(9.000)	0	0
			38.000	49.000	0	0
Ýmsar skammtímaskuldir						
Næsta árs afborganir			9.000	9.000	0	0
			114.100	96.700	153.100	84.500
Skuldir samtals			152.100	145.700	153.100	84.500
Eigið fé og skuldir samtals			213.800	222.700	221.500	124.500
			0	0	0	0
Úr sjóðstreymi áráanna 2006-2008						
			2008	2007	2006	
Handbært fé frá rekstri			17.500	24.800	33.600	

Kennitölur frá samkeppnisaðilum:		2008
	Meðalalagning.....	35,00%
	Eiginfjárlutfall.....	54,00%
	Veltufjárlutfall.....	1,40
	Lausafjárlutfall.....	0,90
	Veltuhraði birgða.....	16,50
	Innheimtutími krafna.....	28,00
	Hlutfall EBITDA af sölu.....	7,50%
	Arðsemi eigin fjár.....	21,00%
	V/H hlutfall.....	19,0
	V/EBITDA.....	9,5